

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir dvalarheimili

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.4 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum í starfsleyfi.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.3 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Handlaug skal vera í hverri íbúð/íbúðarherbergi sé snyrtiherbergi ekki inn af því.
- 2.5 Fullnægjandi baðaðstaða skal vera á hverri hæð eða rekstrareiningu sé snyrting með baðaðstöðu ekki inn af íbúð/íbúðarherbergi. Ekki skulu vera fleiri en 10 heimilismenn um hverja snyrtingu og baðaðstöðu með búningsklefa. Jafnframt skulu gestir og starfsfólk hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu.
- 2.6 Gólfplötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3m² fyrir hreyfihamlaða. Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.7 Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að handlaug með tilheyrandi búnaði og gerileyði.
- 2.8 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum almenns notanda, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað.
- 2.9 Húsnæði og búnaður skal vera við hæfi íbúa.
- 2.10 Lóð skal vera vel viðhaldið, án slyshættu og auðveld til notkunar og umferðar fyrir íbúa.

3 Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þrifið reglulega, í sameiginlegum rýmum skulu fara fram dagleg þrif. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Alsherjarhreingeringu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- 3.4 Fara skal að leiðbeiningum Landlæknisembættis um hreinsun sóttgreinsun og dauðgreinsun.
- 3.5 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.
- 3.6 Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið, nema að fenginni undanþágu frá heilbrigðisnefnd.

4 Matvæli

- 4.1 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.3 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Meðferð úrgangs og geymsla skal vera með þeim hætti að ekki stafi óþrifnaður og ónæði af.
- 5.4 Spilliefnum þ.m.t. nálum og oddhvössum úrgangi skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólþ eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðin eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, sóttvarnarlög nr.19/1997, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 85.3 Félagsþjónusta.

85.31.2	Vistun á einkaheimilum
85.31.3	Dvalarheimili fyrir aldraða
85.31.4	Heimili fyrir fatlaða
85.31.9	Aðrar stofnanir
85.32.6	Dagvistun fyrir fullorðna